

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

47. fundur Stjórnar BS bs. haldinn mánudaginn 20. apríl 2020

kl. 17:00 í fundarsal Suðurnesjabæjar í Vörðunni, 245 Sandgerði

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð á Flugvöllum 29.

- Jón fer yfir stöðuna á framkvæmdum á Flugvöllum 29, eftir langan tíma er að koma niðurstaða á aksturhurðum úr bílasal, skrifstofuhluti er að verða langt komin ef frá eru skildir glerveggir, áætlað er að mögulegt sé að hægt verði að fara inn í skrifstofuhluta í lok maí, en mögulegt er að COVID-19 ástandið gæti frestað því eitthvað. Umræður um hönnunarmál og flr.

2. Staða fjármála.

- Staða fjármála er samkvæmt fjárhagsætlun.

3. Nýr kjarasamningur við LSS.

- Er verið að vinna í að reikna þá inn vegna launagreiðslna um mánaðarmótin. Virðist við fyrstu sýn um töluverða hækkun á launalið að ræða.

4. Ársreikningur 2019.

- Drög að ársreikningum 2019 lögð fram til fyrri umræðu.

5. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Breytt skipulag og viðbúnaður vegna Covid-19

- Við höfum þurft að gera talsverðar breytingar á daglegu verklagi vegna Covid-19. og eru þær helstu eftirfarandi.
- Dagmönnum hefur verið skipt í two hópa og vinnur annar hópurinn á skrifstofunni aðra vikuna og hina heima.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

- Vaktaskipti fara þannig fram að samskipti eru eingöngu milli varðstjóra og ákveðið verklag varðandi sótthreinsun á búnaði fyrir vaktaskiptin.
- Verði brunaútkall þar sem vaktin þarf aukinn mannskap þá verður byrjað á að kalla út varalið en ekki þá sem ganga vaktir.
- Í samráði við Sóttvarnarlækni (Fjölnir Guðmundsson HSS) var ákveðið að taka á leigu 9 manna fólksflutningabíl og hann útbúinn til þess að flytja stijandi Covid19 sjúklinga og þá sem eru með grun um smit. Við eignum að geta fengið þennan kostnað endurgreiddan frá almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra.
- Útbúin hefur verið aðstaða til sótthreinsunar í slökkvistöðinni í Sandgerði, þar því starfsmenn sig og sótthreinsa búnað eftir Covid-19 útköll
- Við höfum boðið lögreglunni að nýta sér aðstöðuna til sótthreinsunar hjá okkur og hafa þeir nýtt sér það boð.
- Útköllum á síðustu vikum hefur fækkað en á móti hefur tímalengd sem fer í að sinna sjúkraflutningum ekki minnkað, vegna þess að þegar Covid-19 sjúkraflutningur fer fram þá tekur hann mun lengri tíma en venjulegur sjúkraflutningur, en það skýrist af því að eftir flutning þarf að fara með búnað í gegnum sótthreinsun sem tekur nokkuð langan tíma. Tímalengd í Covid-19 sjúkarflutningi er 4-5 tímar.

Samningaviðræður við Isavia :

- Áður en það ástand sem hefur skapast vegna Covid-19 vorum við að landa samningi við Isavia. Vegna afleiðinga af Covid -19 þá verður ekki af því að gerður verði samningur á þeim nótum sem umræðan hefur verið um, fyrr en það ástand sem nú er verður yfirlaði.

6. Samningur um sölu á Hringbraut 125.

Jóni Guðlaugssyni slökkviliðstjóra Brunavarna Suðurnesja. b.s.er hér með veitt fullt og óskorað umboð til þessss að undirrita samninga á sölu á fasteign félagsins, Hringbraut 125.230 Reykjaneshús, sem gerður var 2. október 2019.
Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

- Kjarasamningar,
- Minni tekjur,
- Minni tekjur vegna erlendra og ósjúkratryggðra sjúklinga ásamt færri millistofnanaflutnninga. Einnig er minni innkoma af störfum eldvarnaeftirlits.
 - Húsaleiga fyrir Hringbraut 125.
 - Formanni falið að ræða við bæjarstjóra Reykjaneshæjar um málið.



Fundi slitið kl.